



18. stjórnarfundur LH

Haldinn 29. júlí 2014 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Mættir aðalmenn: Sigurður E. Ævarsson, Sigrún Þórðardóttir, Erla Guðný Gylfadóttir, Haraldur Þórarinsson

Mættir varamenn: Stefán Ármannsson, Maríanna Gunnarsdóttir og Helga B. Helgadóttir.

1. LM á Hellu 2014

Axel Ómarsson fer yfir mótið og ræðir framkvæmd þess. Ræðir það sem vel tókst og það sem betur hefði mátt fara. Ítarlegar niðurstöður munu koma fram í skýrslu framkvæmdastjóra um mótið. Framkvæmdastjóri deildi sýn sinni á Landsmót og framtíð þess:

Framtíðarsýn:

- Á að stofna viðburðarfyrirtæki um viðburði á vegum LH og hugsanlega BÍ.
- Styrkleikar LH eru mannauður, þekking á mótahaldi og félagsleg uppbygging.
- Veikleiki er of hár rekstrarkostnaður, óvissa í rekstri, (sjúkdómar, veður) áhorfendum virðist fækka, mótið stækkar og engin vill borga kostnaðinn.

Tækifæri:

- Þekktur viðburður sem markaðssetja þarf enn frekar á víðari hóp gesta utan harðkjarna hestamanna, eins og t.d. og ferðamanna.
- Velja staðnum svæði þar sem hann getur þróast og stækkað.
- Ná samstöðu meðal hestamanna um tilgang og markmið mótanna.

2. Kjörnefnd fyrir 59. Landsþing LH

Ákveðið að skipa: Guðmund Hagalínsson formann og með honum Margeir Þorgeirsson og Ásu Hólmarsdóttur.

3. Fjárhagsstaða LH

Axel Ómarsson ræðir fjármál LH og þau atriði sem þarf að laga í reikningsgerð LH. Fram kom í máli hans að stöðugt er erfiðara að sækja styrki til fyrirtækja og því nauðsynlegt að laga fjárhagslegan rekstur LH að því og bregðast við.

4. FEIF Youth Cup

Helga B. Helgadóttir fer stuttlega yfir framkvæmd Youth Coup á Hólum í júlí. Fram kom í máli hennar að almennt tókst mótið vel og mikil ánægja var meðal þátttakenda með framkvæmd þess.

*Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið.
Fundargerð ritaði Haraldur Þórarinsson.*